



VetiCare

Vetis ehf hefur skráð fóðurbættiefnið VetCare til notkunar í hross og gæludýr. VetCare fóðurbættiefnið er ætlað til viðhalds og endurnýjunar á hreyfikerfi dýra.

VetiCare inniheldur:

- Kollagen
- Kondroitinsúlfat
- Boswellia þykkni
- Þörungakalk
- Mangansúlfat
- C-vítamín
- Bragðefni

Hvað er VetCare?

VetiCare er fóðurbættiefni sem inniheldur kollagen, kondroitin, Boswellia þykkni og þörungakalk fyrir dýr með viðkvæma eða skemmda liði. VetCare tryggir nægilegt aðgengi þessara næringarefna, til viðhalds og verndar liðum og beinum. Auk þess er þykkt liðvökvans tryggð.

Af hverju á að nota VetCare?

Heilbriggt liðbrjósk og þykkfljótandi liðvökvi er forsenda verkjalausra liða og óskertrar hreyfigetu. Ef líkaminn fær ekki þessi nauðsynlegu næringarefni í nægilegu magni, er hættu á að dýrið geti ekki bætt upp það tap næringarefna sem verður við hreyfingu liðanna, notkun og þjálfun.

Hvaða dýr eru í mestri hættu?

- Eldri dýr
- Dýr í mikilli þjálfun
- Eftir aðgerðir
- Dýr með liðaskemmdir eða gallaða fótagerð

Hvernig vinnur VetCare?

Með tilfærslu næringarefna nauðsynleg fyrir liðbrjósk og liðvökva, örvar VetCare líkamann við að viðhalda heilbrigðri hreyfigetu liðanna.

Hvernig virkar VetCare?

Liðbrjóskið hindrar að beinin núist saman og dempar högginn gegnum beinin við hreyfingu liðanna. Þykkfljótandi liðvökvinn smyr liðina þannig að hreyfing verði létt, frjáls og án þess að slíta liðbrjóskið. Við hreyfingu “slitna” bæði liðbrjósk og liðvökvi, sem líkaminn leitast síðan við að endurnýja og bæta.

Í heilbrigðum lið ríkir jafnvægi milli niðurbrots og uppbyggingar brjósksins, sem þýðir að niðurbrotin næringarefni endurnýjast jafnharðan. Í skemmdum liðum og við mikið álag getur þetta jafnvægi riðlast og niðurbrotið verður meira en endurnýjunin. Niðurstaðn verður brjósk- og liðvökvaeyðing þannig að liðurinn verður aumur og liðvökvinn minnkar.



Til að stöðva og fyrirbyggja þessa þróun er nauðsynlegt að líkaminn fái nægjanlegt af nauðsynlegum næringarefnum til viðhalds og endurnýjunar. Þessi efni eru í VetCare ásamt steinefnum og plöntuþykkni sem verður til þess að næringarefni nýtast til fulls. Plöntuþykknið Boswellia er notað en það hefur verið notað í árhundruði í indverskum lækningum í þessum tilgangi.

Gæði

VetiCare er framleitt af ChemVet dk A/S í Danmörku í eigin viðurkenndri verksmiðju.

Hráefnin í VetCare standast kröfur sem gerðar eru til fæðuefna til manneldis og eru undir stöðugu opinberu eftirliti yfirvalda. Kollagenið og Kondroitinið eru framleidd í ESB og standast þar með allar kröfur innan ESB sem gerðar eru til efna ætluðum til manneldis varðandi gæði og hreinleika.

Söluaðilar

VetiCare er einungis selt af dýralæknum sem gefa leiðbeiningar um rétta notkun efnisins.

Skammtastærðir

VetiCare fæst bæði sem töflur og duft. Duftinu er dreift á fõðrið. Yfirleitt éta dýrin duftið, en ef það reynist nauðsynlegt má blanda því í t.d. mjókurafurðir eða dósamat án þess að áhrifin breytist. Töflurnar eru á stærð við vítamíntöflur og má gefa sem nammi eða blanda í fõðrið. Töflurnar henta vel fyrir hunda sem borða lítið í einu eða þegar erfitt reynist að skammta gegnum fõðrið.

Skammtastærðir fyrir hunda og ketti

Þyngd dýrs:	Skammtur pr. dag (duft):	Skammtur pr. dag (töflur)
0-5 kg	2 grömm	2 töflur
5-10 kg	3 grömm	2-3 töflur
10-20 kg	4 grömm	3-4 töflur
20-40 kg	5 grömm	4 töflur
40-50 kg	6 grömm	5 töflur
50-99 kg	7 grömm	6 töflur

Þessar skammtastærðir eiga við dýr með sýnilega auma liði. Við bata (eftir 3-6 vikur) er venjulega hægt að helminga skammtinn til viðhalds. Einnig má nota ½ skammt til að fyrirbyggja skemmdir.

Skammtar fyrir hross

Hestum með auma liði er gefið 40 grömm á dag. Eftir 3-4 vikur má fara niður í 20 grömm á dag til viðhalds. Til að fyrirbyggja skaða t.d. við mikla þjálfun um tíma má gefa 20-40 grömm á dag. Hæsti skammtur er gefinn ef hesturinn á sér forsögu um auma liði við mikla þjálfun eða álag.

Önnur dýr

Virkni liða og liðvökva er mjög svipuð meðal annarra dýrategunda, þess vegna má nota VetCare fyrir aðrar dýrategundir. Skammtar eru þá þeir sömu og fyrir hunda og ketti.



PAKKNINGASTÆRÐIR OG VERÐ

Plastdósir (töflur):

180 stk **2030 kr + vsk**

360 stk **3660 kr + vsk**

Plastdósir (duft):

200 grömm **1797 kr + vsk**

400 grömm **3217 kr + vsk**

1000 grömm **6989 kr + vsk**

VetiCare mun verða tilbúið til afgreiðslu í febrúar 2008.

Gísli Sv. Halldórsson, dýralæknir

Framkvæmdastjóri Vetis ehf

s. 862 9005